

Reglugerð um keppnishald

1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem SKÍ stendur fyrir, Bikarmót, Unglingameistaramót Íslands (UMÍ), Skíðamót Íslands (SMÍ) og Snjóbrettamót Íslands (SBÍ).
2. Allt keppnishald í alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum skal fara fram eftir reglum Alþjóða Skíðasambandsins (FIS) nema annað sé tekið fram í lögum og/eða reglugerðum SKÍ.
3. Keppnisrétt hafa eingöngu félagsbundnir iökendur í viðurkenndu aðildarfélagi innan SKÍ. Allir iökendur skulu vera skráðir í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Felix.
4. Mótshaldari skal senda mótsboð ásamt dagskrá á skrifstofu SKÍ eigi síðar en mánuði fyrir bikarmót. Fyrir UMÍ, SMÍ og SBÍ þarf mótsboð að vera klárt eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir viðkomandi móti. Mótsboð skulu send öllum aðildarfélögum í kjölfarið. Í mótsboði skulu koma fram upplýsingar um mótsstjórn, skráningarfrest og upplýsingar um fararstjórafund.
5. Mótshöldurum ber að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til SKÍ eigi síður en fjórum dögum fyrir fyrra keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til SKÍ innan tilsetts tíma er fagnefndum SKÍ heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.
6. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað skal það tilkynnt SKÍ með viku fyrirvara og mun SKÍ þá setja mótið á varastað. Varastaðir eru allir þeir staðir sem hafa sótt um mótið á því keppnistímabili.
7. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu hafa frían aðgang að keppnissvæði meðan mótið stendur yfir. Fjöldi lyftumiða fyrir fararstjóra og þjálfara verður sem hér segir:

Fjöldi keppenda	Fjöldi lyftumiða
1-10	3
11-20	5
21 og fleiri	7

Við skráningu keppenda í móti skal skila inn nafnalista yfir fararstjóra og þjálfara sem mæta með keppendum.

8. Á fararstjórafund mæti fulltrúar þáttökufélaga/héraða. Mæti enginn fulltrúi skal tilkynna um forföll til mótshaldara. Á fararstjórafundi í alpagreinum eru boðnar út brautalagnir, velji mótshaldari að gera það. Einungis viðstaddir þjálfarar félaga/hérða geta óskað eftir brautarlögn.
9. Keppendur skulu hafa aðgang að húsaskjóli á mótsstað.
10. Mótshaldari skal útbúa aðgerðaáætlun ef slys verða á mótsstað. Sjúkravakt skal vera til staðar á svæðinu og tryggt að hægt sé að fá skjóta meðferð við slysum.



11. Verðlaunaafhending skal fara fram strax að mótinu loknu og skulu verðlaun vera í samræmi við reglugerðir. Á UMÍ, SMÍ og SBÍ getur verið að verðlaunaafhending sé seinna en þá skal mótshaldari taka fram slíkt í dagskrá og tilkynna snemma.
12. Alltaf skal senda úrslit um leið og þau liggja fyrir á SKÍ og á FIS í þeim tilfellum sem mótt er FIS mótt. Ásamt því skal mótshaldari setja úrslit og upplýsingar inná sína eigin heimasíðu.

Samþykkt á Skíðaþingi 25.maí 2019